

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2007/EES/26/06

frá 18. desember 2003

um skilyrði fyrir samanburðartilraunum og -prófunum Bandalagsins á fræi og fjölgunarefni tiltekinna tegunda nytjajurta í landbúnaði og grænmetis- og vínviðartegunda samkvæmt tilskipunum ráðsins 66/401/EBE, 66/402/EBE, 68/193/EBE, 92/33/EBE, 2002/54/EB, 2002/55/EB, 2002/56/EB og 2002/57/EB fyrir árin 2004 og 2005 (tilkynnt með númeri C(2003) 4836) (*)

(tilkynnt með númeri C(2003) 4836)

(2004/11/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní 1966 um setningu fõðurjurtafræs á markað (¹), einkum 3., 4. og 5. mgr. 20. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/402/EBE frá 14. júní 1966 um setningu sáðkorns á markað (²), einkum 3., 4. og 5. mgr. 20. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 68/193/EBE frá 4. apríl 1968 um setningu á markað efni fyrir kynlausa fjölgun vínviðar (³), einkum 3., 4. og 5. mgr. 16. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 92/33/EBE frá 28. apríl 1992 um setningu á markað fjölgunarefni og sáðplöntur matjurta, að undanskildu fræi (⁴), einkum 4., 5. og 6. mgr. 20. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/54/EB frá 13. júní 2002 um setningu sykurrófufraes (⁵) á markað, einkum 3., 4. og 5. mgr. 26. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/55/EB frá 13. júní 2002 um setningu matjurtafræs (⁶) á markað, einkum 3., 4. og 5. mgr. 43. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/56/EB frá 13. júní 2002 um setningu útsæðiskartaflna (⁷) á markað, einkum 3., 4. og 5. mgr. 20. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/57/EB frá 13. júní 2002 um setningu olíu- og trefjajurtafræs (⁸) á markað, einkum 3., 4. og 5. mgr. 23. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB 3, 7.1.2004, bls. 38. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 121/2004, 24. september 2004 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 12, 10.3.2005, bls. 10.

(¹) Stjtið. 125, 11.7.1966, bls. 2298/66; Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2003/61/EB (Stjtið. ESB L 165, 3.7.2003, bls. 23).

(²) Stjtið. 125, 11.7.1966, bls. 2309/66; Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2003/61/EB.

(³) Stjtið. EB L 93, 17.4.1968, bls. 15; Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2003/61/EB.

(⁴) Stjtið. EB L 157, 10.6.1992, bls. 1; Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2003/61/EB.

(⁵) Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 12; Tilskipuninni var breytt með tilskipun 2003/61/EB.

(⁶) Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 33; Tilskipuninni var breytt með tilskipun 2003/61/EB.

(⁷) Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 60; Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2003/61/EB.

(⁸) Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 74; Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2003/61/EB.

1) Í tilskipunum 66/401/EBE, 66/402/EBE, 68/193/EBE, 92/33/EBE, 2002/54/EB, 2002/55/EB, 2002/56/EB og 2002/57/EB er kveðið á um það fyrirkomulag sem framkvæmdastjórnin skal hafa á samanburðartilraunum og -prófunum á vegum Bandalagsins á fræi og fjölgunarefni.

2) Verkefnaútboð (2003/C 159/08) (⁹) var birt með tilliti til framkvæmdar á áðurnefndum tilraunum og prófunum.

3) Tillögurnar hafa verið metnar samkvæmt viðmiðunum við val og úthlutun eins og fram kemur í fyrrnefndu verkefnaútboði. Ákvarða skal verkefnið, aðila sem sinna prófunum og styrkhæfan kostnað en einnig hámarksfjárframlag Bandalagsins sem samsvarar 80% af styrkhæfum kostnaði.

4) Í Bandalaginu skulu fara fram prófanir og tilraunir á árunum 2004 og 2005 á fræi og fjölgunarefni, sem er uppskera ársins 2003, og nánari atriði varðandi slíkar tilraunir og prófanir, styrkhæfan kostnað og hámarksfjárframlag Bandalagsins skulu einnig sett fram árlega í samningi sem fjármálastjóri Bandalagsins og aðilar, sem sinna þessum prófunum, undirrita.

5) Þegar samanburðartilraunir og -prófanir vara lengur en í eitt ár skal framkvæmdastjórnin viðurkenna þá hluta tilrauna og prófana sem fara fram eftir fyrsta árið, án þess að kalla til fastanefndina um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt, að því gefnu að nauðsynleg fjárveiting liggja fyrir.

6) Tryggja þarf að sýnin í tilraunum og prófunum séu nægilega dæmigerð, a.m.k. þegar um er að ræða tilteknar, valdar plöntur.

(⁹) Stjtið. EB C 159, 8.7.2003, bls. 19.

7) Aðildarríkin skulu taka þátt í samanburðartilraunum og -prófunum á vegum Bandalagsins, að svo miklu leyti sem fræ viðkomandi plantna er ræktað eða sett á markað á yfirráðasvæði þeirra, til að tryggja að hægt sé að draga réttar niðurstöður af þeim.

2. gr.

Aðildarríkin skulu, að svo miklu leyti sem fjölgunarefni og sáðplöntur plantna, sem tilgreindar eru í viðaukanum, er ræktað eða sett á markað á yfirráðasvæði þeirra, taka sýni úr þessu efni og gera þau aðgengileg framkvæmdastjórninni.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

3. gr.

Með fyrirvara um fjárlagaheimildir getur framkvæmdastjórnin ákveðið að tilraunum og prófunum, sem um getur í viðaukanum, verði haldið áfram árið 2005.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Samanburðartilraunir og -prófanir Bandalagsins skulu fara fram á árunum 2004 og 2005 á fræi og fjölgunarefni þeirra plantna sem eru taldar upp í viðaukanum.

Hámarksfjárframlag Bandalagsins, sem samsvarar 80% af styrkhæfum kostnaði við tilraunir eða prófanir sem haldið er áfram á þessum grundvelli, skal ekki vera meira en fjárhæðin sem er tilgreind í viðaukanum.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Styrkhæfur kostnaður og einnig hámarksfjárframlag Bandalagsins vegna tilrauna og prófana á árinu 2004 skal vera eins og fram kemur í viðaukanum.

Gjört í Brussel 18. desember 2003.

Nánari atriði varðandi tilraunir og prófanir koma fram í viðaukanum.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

VIDAUKI

Tilraunir og prófanir sem ber að gera á árinu 2004

Tegund	Stofnun sem ber ábyrgð	Eiginleikar sem ber að meta	Fjöldi sýna	Styrkhæfur kostnaður (Evrur)	Hámarksjárf ramlag Bandalagsins (sem samsvarar 80% af styrkhæfum kostnaði) (Evrur)
Beta (*)	ENSE Milánó (I)	Ósvikni og hreinleiki yrkis (í akurskoðun) Gæði fræs við skoðun (á rannsóknarstofu)	100	19 000	15 200
	ETSIA Madrid (E)	Ósvikni og hreinleiki yrkis (í akurskoðun) Gæði fræs við skoðun (á rannsóknarstofu)	100 + 100	47 022	37 618
<i>Gramineae</i> (*)	NIAB Cambridge (UK)	Ósvikni og hreinleiki yrkis (í akurskoðun) Gæði fræs við skoðun (á rannsóknarstofu)	230	22 564	18 051
<i>Vicia</i>	AGES Vín (A)	Ósvikni og hreinleiki yrkis (í akurskoðun) Gæði fræs við skoðun (á rannsóknarstofu)	60	17 673	14 138
<i>Medicago sativa</i> (*)	ENSE Milánó (I)	Ósvikni og hreinleiki yrkis (í akurskoðun) Gæði fræs við skoðun (á rannsóknarstofu)	50	4 500	3 600
<i>Triticum aestivum</i> (vorhveiti)	NAK Emmeloord (NL)	Ósvikni og hreinleiki yrkis (í akurskoðun) Gæði fræs við skoðun (á rannsóknarstofu)	100	19 248	15 399
<i>Zea mays</i>	ENSE Milánó (I)	Ósvikni og hreinleiki yrkis (í akurskoðun) Gæði fræs við skoðun (á rannsóknarstofu)	80	17 600	14 080
<i>Solanum tuberosum</i>	ENSE Milánó (I)	Ósvikni og hreinleiki yrkis, plöntuheilbrigði (í akurskoðun) Plöntuheilbrigði (hringrot/brúnfúi/spóluhnýðis-sýki (pstv)) (á rannsóknarstofu)	250	62 500	50 000

Trials and tests to be carried out in 2004

Tegund	Stofnun sem ber ábyrgð	Eiginleikar sem ber að meta	Fjöldi sýna	Styrkhæfur kostnaður (Evrur)	Hámarksfjárframlag Bandalagsins (sem samsvarar 80% af styrkhæfum kostnaði) (Evrur)
Baðmull	MIN.AGR. Þessalóníku (EL)	Ósvikni og hreinleiki yrkis (í akurskoðun) Gæði fræs við skoðun (á rannsóknarstofu)	60	26 242	20 993
<i>Linum usitatissimum</i>	NIAB Cambridge (UK)	Ósvikni og hreinleiki yrkis (í akurskoðun) Gæði fræs við skoðun (á rannsóknarstofu)	80	22 072	17 658
<i>Papaver somniferum</i>	AGES Vín (A)	Ósvikni og hreinleiki yrkis (í akurskoðun) Gæði fræs við skoðun (á rannsóknarstofu)	30	13 399	10 720
<i>Allium Cepa, Allium porrum</i>	ENSE Mílanó (I)	Ósvikni og hreinleiki yrkis (í akurskoðun) Gæði fræs við skoðun (á rannsóknarstofu)	50	11 250	9 000
<i>Brassica oleracea</i>	NAKT Roelofarendsveen (NL)	Ósvikni og hreinleiki yrkis (í akurskoðun) Gæði fræs við skoðun (á rannsóknarstofu)	70	48 986	39 189
<i>Allium ascalonicum</i> (skalottlaukur)	NAKT Roelofarendsveen (NL)	Ósvikni og hreinleiki yrkis (í akurskoðun) Plöntuheilbrigði (á rannsóknarstofu)	70	32 646	26 117
	GNIS-SOC París (F)	Ósvikni og hreinleiki yrkis (í akurskoðun) Plöntuheilbrigði (á rannsóknarstofu)	70	33 320	26 656
<i>Vitis vinifera</i> (*)	ENTAV Le Graudu Roi (F)	Ósvikni og hreinleiki yrkis (í akurskoðun) Plöntuheilbrigði (á rannsóknarstofu)	120	36 000	28 800
HEILDARKOSTNAÐUR			347 219		

Tilraunir og prófanir sem ber að gera á árinu 2004					
Tegund	Stofnun sem ber ábyrgð	Eiginleikar sem ber að meta	Fjöldi sýna	Styrkhæfur kostnaður (Evrur)	Hámarks fjárframlag Bandalagsins (sem samsvarar 80% af styrkhæfum kostnaði) (Evrur)
Beta (*)	ETSIA Madrid (E)	Ósvikni og hreinleiki yrkis (í akurskoðun) Gæði fræs við skoðun (á rannsóknarstofu)	100	23 511	18 809
<i>Gramineae</i> (*)	NIAB Cambridge (UK)	Ósvikni og hreinleiki yrkis (í akurskoðun) Gæði fræs við skoðun (á rannsóknarstofu)	230	22 098	17 678
<i>Medicago sativa</i> (*)	ENSE Milánó (I)	Ósvikni og hreinleiki yrkis (í akurskoðun) Gæði fræs við skoðun (á rannsóknarstofu)	50	6 500	5 200
HEILDARKOSTNAÐUR				41 687	
(*) Samanburðartilraunir og -prófanir sem vara lengur en í eitt ár.					